

320. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, miðvikudaginn 8. október 2025, kl. 16:00.

Mætt: Ingvi Þór Hákonarson, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Margrét Sæmundsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Hlynur Þór Valsson, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Irmý R. Þorsteinsdóttir (Eva Lind Matthíasdóttir), fulltrúi Grindavíkur og Hólmgrímur Rósenberg, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri (fundarritari), J. Trausti Jónsson, Sonja Hrund Steinarsdóttir, Helgi Haraldsson og Tinna Ósk Kristjánsdóttir. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda komu ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir störf HES
2. Starfsleyfi og skráningar
3. Boðaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits
4. Embættisafgreiðslur heilbrigðiseftirlitsins
5. Leyfi til hæsnahalds á leikskólanum Akri
6. Umhverfismál / umgengi á lóðum
7. Kostnaður við lóðahreinsanir
8. Fjárhagsáætlun 2026
9. Önnur mál (næsti fundur)

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Yfirlit yfir störf HES

Starfsmenn fóru yfir helstu verkefni sem hafa verið á döfinni frá síðasta fundi heilbrigðisnefndar.

Fjallað var sérstaklega um eftirtaldar stjórnvaldsákvarðanir:

Nefndin staðfestir ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins um að stöðva starfsemi Rastarinnar (Garðskagi ehf.) að Garðskaga, Suðurnesjabæ vegna brota á reglugerð nr. 103/2010 og ógn við öryggi matvæla, dagana 29. ágúst - 1. september sl.

Nefndin staðfestir ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins um að stöðva starfsemi Bitans (SH Import ehf.) að Iðavöllum 14, Reykjanesbæ vegna brota á reglugerð nr. 103/2010 og ógn við öryggi matvæla, dagana 4.-9. september sl.

Nefndin staðfestir ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins um að banna til bráðabirgða notkun leiguíbúðar 105 að Lindarbraut 639, Reykjanesbæ vegna meindýra þann 25. september sl.

2. Starfsleyfi og skráningar

Eftirtöldum er veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Fjárskyn ehf., kt. 630218-0630, til að reka veitingastað að Hafnargötu 30, 230 Reykjanesbæ.
- Samkaup hf., kt. 571298-3769, til að reka matvöruverslun án vinnslu að Hafnargötu 51-55, 230 Reykjanesbæ.
- Samkaup hf., kt. 571298-3769, til að reka matvöruverslun með óvarin matvæli og veitingasölu í Komusal á Keflavíkurflugvelli.

- Pizzan ehf., kt. 681016-1200, til að reka skyndibitastað að Hólagötu 20, 230 Reykjanesbæ.
- Clippers ehf., kt. 671204-4410, til að reka söluturn með óvarin matvæli að Fitjum 1, 260 Reykjanesbæ.
- 5 STAR ehf., kt. 511124-0260, til að reka matvöruverslun án vinnslu að Hólmgarði 2C, 230 Reykjanesbæ.
- Viking Llama ehf. kt. 520724-0950, fengu tímabundið starfsleyfi til að reka matsöluvagn í miðbæ Reykjanesbæjar á Ljósanótt, 4.-7. september 2025.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Nexis ehf., kt. 540803-2420, Hringbraut 92a, 230 Reykjanesbæ til að reka stærra gistiheimili.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Hafdís Lúðvíksdóttir, kt. 270467-5209, Njarðarvöllum 2, 260 Reykjanesbæ til að reka snyrtistofu.

Umsóknir um skráningar samkvæmt reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- Mantana Nontanum, kt. 250974-2999, Hólmgarði 2, 230 Reykjanesbæ til að reka nuddstofu.
- Premium of Iceland ehf., kt. 691220-2060, Kothúsavvegur 16, 250 Suðurnesjabæ, vinnsla fisks og annarra sjávarafurða og reykhus (máli frestað þar sem umsögn sveitarfélags liggur ekki fyrir).
- Premium of Iceland ehf., kt. 691220-2060, Brekkustígur 22-24, 260 Reykjanesbæ, vinnsla fisks og annarra sjávarafurða-fiskvinnsla (máli frestað til næsta fundar).

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að samþykka skráningar á ofangreindum fyrirtækjum að uppfylltum starfsskilyrðum og greiddu skráningagjaldi.

Skráningar samþykktar í samræmi við reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- Lagnir og Þjónusta ehf., kt. 660406-2040, Suðurgata, 245 Suðurnesjabæ, niðurrif mannvirkja-fjarlægja asbestlögn á Suðurgötu í Sandgerði.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að samþykka skráningar á ofangreindum fyrirtækjum að uppfylltum starfsskilyrðum og greiddu skráningagjaldi. Athygli er vakin á að hægt er sjá staðfestar skráningar á vefsvæðinu starfsemi.is

Önnur starfsleyfis- og skráningarmál.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur sent formlega tilkynningu um meðferð máls og áform um beitingu þvingunarúrræða til S. Iceland ehf. vegna starfsemi félagsins að Skálareykjavegi 12 í Suðurnesjabæ. Rekstraraðila var veittur frestur til 30. september s.l. til að hreinsa athafnasvæði. Rekstraraðili hefur enn ekki brugðist við erindinu.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að vinna þessi mál áfram í samræmi við kröfur stjórnsýsluréttar.

3. Boðaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits.

Þann 2. september 2025 kynntu ráðherrar umhverfis-, orku- og loftslagsmála og atvinnuvega breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits í kjölfar birtingar skýrslu stýrihóps um opinbert eftirlit. Samkvæmt fyrirhuguðum breytingum verður ábyrgð á eftirliti með hollustuháttum og

mengunarvörnum færð frá heilbrigðiseftirlitum til Umhverfis- og orkustofnunar og ábyrgð á eftirliti með matvælum færist frá heilbrigðiseftirlitum til Matvælastofnunar.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja lýsir sig alfarið á móti þeim áformum sem eru uppi um breytingar á ýmsum lögum varðandi hollustuhætti, mengunarvarnir og matvæli. Nefndin hvetur sveitarstjórnir á svæðinu til að kynna sér þau varnarorð sem fram koma í umsögnum um málið og láta skoðun sína í ljós.

Í stað þess að ráðast í að bæta samræmingu og yfirstjórn málaflokksins eru áform um að gjörbylta kerfinu og ríkisvæða allt eftirlit, í algjörrí óvissu um niðurstöðuna. Engin tilraun er gerð til að skilgreina önnur verkefni sem hvíla á herðum heilbrigðiseftirlita og einu fyrirætlanirnar sem eru að finna í áformunum snúa að því að fundinn sé staður innan stjórnsýslunnar í samráði við sveitarfélög.

Meðfylgjandi er umsögn heilbrigðisnefndar sem send var inn í samráðsgátt um áformin:

„Vísað er til ofangreinds máls í samráðsgátt stjórnvalda, þar sem Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið efnir til samráðs um áform um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur lagt fram umsagnir um málið á fyrri stigum, auk þess sem heilbrigðisnefnd hefur ályktað um þessi áform og bæjarstjórn Reykjanesbæjar hreyfði við andmælum. Rökstuddar ábendingar hafa verið hafðar að vettugi og þeim í engu svarað.

Áformin virðast vera stysta leiðin að breytingum, m.a. til þess að sefa áfellsdóma ESA yfir brotnu regluverki. Áður hefur komið fram í greiningum og skjölum sem ná aftur til ársins 2001 að samræmingarhlutverk yfirstofnanna, MAST og UST, hafi fengið að sitja á hakanum og ekki verið sinnt sem skyldi, ýmist vegna fjárskorts, skorts á mannafla eða þekkingarleysi. Ráðuneytin og umræddar undirstofnanir þeirra hafa því haft áratuga umþóttun til að festa í sessi skilvirkar samræmingaráætlanir, eftirlit og leiðbeiningar fyrir heilbrigðiseftirlitssvæðin. Þessu hlutverki hefur að hverju leyti verið velt yfir á heilbrigðiseftirlitssvæðin sem ná illa að halda utan það verkefni samhliða öllum öðrum störfum og daglegu eftirliti sem þau sinna. Í þeim tilfellum sem heilbrigðiseftirlitið hefur lagt tillögur að samræmdum verklagsreglum fyrir umræddar yfirstofnanir, mæta þær gjarnan tómlæti og seinangangi.

Í yfirlýsingum ráðuneytanna um boðaðar breytingar er áhersla lögð á að samræming í eftirliti aukist og verklag verði straumlinulagaðra. Þá bera ráðuneytin fyrir sig ákall frá atvinnulífinu. Í því samhengi má nefna að sama ákall hefur einnig verið frá heilbrigðiseftirlitssvæðunum um árábil. Ekki er fyrirséð að með boðuðum breytingum verði hlúð að þessum þáttum frekar en á undanförunum áratugum. Nýtt tölvukerfi mun ekki leysa þennan þátt að fullu, þrátt fyrir að vera mikilvægt skref, burtséð frá því hvaða leið valin verður í endurskoðun á regluverki eftirlits. Í erindi ESA frá júlí 2024 kemur hvergi fram að eftirlit í þeirri mynd sem það er framkvæmt í dag uppfylli ekki reglur ESA, hinsvegar snýr gagnrýnin alfarið að ut anumhaldi ríkisins um málaflokkinn. Í því regluverki sem nær utan um málaflokkinn er kýrskýrt hver og hverjir eiga að halda utanum samræmingarhlutverkið, en ráðuneytin líta svo á að heilbrigðiseftirlitssvæðin hafi misst boltann. Kemur hér í hugann orðatiltækið að hengja bakara fyrir smíð.

Í málatilbúnaði ráðherra er lögð áhersla á að þarna sé eina leiðin til að verjast málarekstri Eftirlitsstofnunar EFTA. Vegna þessa er full ástæða til að draga fram að ESA telur afnám heilbrigðiseftirlits óþarft til að mæta sínum athugasemdum, sbr. 2. mgr. á bls. 28 í áminningarbréfi til íslenskra stjórnvalda frá 10. júlí 2024: „Accordingly, the Authority does not consider that a reorganisation which entails the abolition of the local competent authorities is a necessary step for Iceland to comply with the obligations set out in the OCR.“

Þá er því jafnan haldið fram að áformin feli í sér einföldun regluverks. Hér er um talsýn að ræða, því lög og reglur á sviði matvælaöryggis stafa að nær öllu leyti frá EES samningnum og því mjög takmarkað svigrúm til að létta af kröfum á því sviði án þess að eiga það á hættu að Ísland yrði talið brotlegt við samninginn. Meira svigrúm er á sviði hollustuhátta og eitthvað svigrúm á sviði mengunarvarna, en að einhverju leyti gæti afsláttur af kröfum gengið gegn markmiðum laga nr. 7/1998 með því að rýra heilnæm lífsskilyrði í landinu og vernd þeirra gilda sem felast í heilnæmu og ómengðu umhverfi. Hins vegar eru í löggjöfinni mýmörg dæmi um gullhúðun og óþarfar flækjur í málsmeðferð leyfisveitinga, sem vert er að endurskoða.

Áformin ganga gegn einu af meginstefi í umhverfismálum undanfarna áratugi þar sem hvatt hefur verið til þess að almenningur komi að borðinu við ákvarðanatöku á sviði umhverfismála, sbr. 10. meginreglu Ríó yfirlýsingarinnar og markmiðum Árósasamningsins um að færa ákvarðanatöku nær íbúum. Með því að leggja niður heilbrigðisnefndir og færa eftirlitsverkefni á sviði umhverfismála frá sveitarfélögunum eru stigin stór skref í átt að miðstýringu. Gangi áformin eftir er hætt við að nærsamfélagið missi áhrif sín varðandi leyfisveitingar, t.d. með gerð sértækra starfsleyfissskilyrða. Dæmi um slíkt er t.d. að heilbrigðisnefndir hafa sett ýmsar hljóðvistarkvaðir í starfsleyfi skemmtistaða til að draga úr ónæði í næsta nágrenni. Þegar leyfisveitingin færist á skrifstofu í Reykjavík er hætt við að stjórnvöld daufheyrist við slíkum sjónarmiðum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur ástæðu til að gjalda varhug við áformum um miðstýringu og ríkisvæðingu á eftirliti með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum. Bodaðar breytingar gangi of langt og ná megi betri árangri með umbótum á núverandi kerfi.“

4. Embættisafgreiðslur heilbrigðiseftirlitsins.

Með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998 felur heilbrigðisnefnd framkvæmdastjóra og starfsmönnum að annast daglegar embættisafgreiðslur í samræmi við minnisblað í viðauka 1.

5. Leyfi til hæsnahalds á leikskónum Akri.

Nefndin fellst á að haldnar verði 8 hænur í þar til gerðri aðstöðu á lóð leikskólans Akurs. Leyfi þetta er veitt til reynslu í 4 ár og háð skilyrðum í viðauka 2.

6. Umhverfismál / umgengni á lóðum.

Starfsmenn fóru yfir framgang þessara mála.

7. Kostnaður við lóðahreinsanir.

Um langt skeið hefur það fyrirkomulag gilt að eigendur fasteigna og lóðarhafar sem sætt hafa hreinsunaraðgerðum af hálfu nefndarinnar hafa þurft að bera allan kostnað við meðferð málsins hjá heilbrigðiseftirlitinu, sem og við hreinsun, flutning og förgun úrgangs. Er þar vísað til ákvæða 1. mgr., 61. gr. laga nr. 7/1998 og niðurstöðu Héraðsdóms Reykjaness í máli E-2348/2010. Nefndin telur mikilvægt að mengunarvaldur beri einn kostnaðinn af því að endurheimta fyrri umhverfisgæði og að þetta verklag verði óbreytt.

8. Fjárhagsáætlun 2026

Fjárhagsáætlun 2025 lög fram, rædd og samþykkt.

9. Önnur mál

Ekkert var rætt undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 17:40.

Um embættisafgreiðslur Heilbrigðiseftirlitsins.

1. Með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998 felur heilbrigðisnefnd framkvæmdastjóra og eftir atvikum heilbrigðisfulltrúum eftirfarandi embættisafgreiðslur:
 - 1.1. Útgáfa eftirfarandi starfsleyfa:
 - 1.1.1. Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem talinn er upp í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit með síðari breytingum, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Þegar athugasemdir berast við drög að starfsleyfi skal framkvæmdastjóri leggja málið í hendur formanns sem ákveður hvort eigi að leggja þær fyrir heilbrigðisnefnd til afgreiðslu eða hvort framkvæmdastjóri afgreiði starfsleyfið eftir sem áður.
 - 1.1.2. Starfsleyfi til stofnana og fyrirtækja í samræmi við 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.
 - 1.1.3. Starfsleyfi fyrir hönd nefndarinnar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og -ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti er varða matvæli með síðari breytingum og ganga að fullu frá þeim milli funda ef skilyrðum fyrir starfsleyfi er að fullu mætt.
 - 1.1.4. Framkvæmdastjóri er heimilt að gefa út leyfi til smásölu á tóbaki fyrir hönd nefndarinnar skv. lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og ganga frá þeim milli funda ef skilyrðum fyrir sölu tóbaks er að fullu mætt.
 - 1.2. Heilbrigðisfulltrúar sjá um að gefa sýslumanni umsagnir um rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði skv. 10. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum.
 - 1.3. Heilbrigðisfulltrúum er falið að svara erindum og bréfum f.h. nefndarinnar.
 - 1.4. Framkvæmdastjóri sér jafnframt um að vinna umsagnir um teikningar og skipulagstillögur frá sveitarstjórnnum sem og samþykktir sveitarfélaga skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.
2. Framkvæmdastjóri getur ávallt vísað málum skv. 1.1.1-1.1.4 til afgreiðslu heilbrigðisnefndar.
3. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu starfsmanna Heilbrigðiseftirlitsins skal framkvæmdastjóri vísa málinu til afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Um mál sem orka tvímælis, t.d. umsóknir um starfsleyfi þar sem skilyrðum er ekki að fullu mætt, en mál þola ekki bið, er framkvæmdastjóri falið að afgreiða mál að höfðu samráði við formann heilbrigðisnefndar, svo framarlega sem þessir aðilar eru sammála um afgreiðsluna. Jafnframt er heimilt að leita samþykkis heilbrigðisnefndar með tölvupósti í einstaka málum ef tilefni er til. Ella skal kalla saman heilbrigðisnefndarfund.
4. Framangreindar afgreiðslur starfsmanna skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi heilbrigðisnefndar.

Skilyrði fyrir hæsnahaldi

Með vísan til 42. gr. hollustuháttareglugerðar nr. 903/2024 heimilar Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hæsnahald á lóð leiksólans Akurs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Fjöldi fugla

Heimilt er að halda að hámarki 8 hænur. Hani er ekki leyfður.

Staðsetning og húsakostur

Hæsnahús og útigerði skulu vera staðsett þannig að ekki valdi hættu fyrir börn eða starfsfólk. Hús og girðingar skulu vera hæsnaheld og auðþrífanleg. Hæsnahús- og hæsnagerðið eru barnlaus svæði.

Lausaganga

Lausaganga er aðeins heimil í útigerði við hæsnahús á skólatíma. Ekki er heimilt að fuglarnir gangi lausir utan þessa svæðis. Hæsnaeigandi er að öllu leyti ábyrgur fyrir hæsnunum sínum og ber að koma í veg fyrir að hæsnahaldið valdi ónæði í umhverfinu, s.s. vegna hávaða, ólyktar og hvers konar óþrífnaðar. Til að koma í veg fyrir ónæði ber að hafa myrkur hjá hæsnunum frá kl. 21 til 7 alla daga.

Hreinlæti og meðferð úrgangs

Þrifa þarf hæsnakofa að lágmarki vikulega. Hæsnaskít skal fjarlægja við daglega umhirðu og má ekki safnast upp. Farga skal hæsnaskít á löglegan hátt. Fótabúnað og annan hlífðarfatnað sem notaður er við umhirðu skal þrifa reglulega og ekki fara með inn í leikskólann.

Meindýravarnir

Umráðamanni/leyfishafa ber að gera ráðstafanir til að tryggja að meindýr komist ekki í fóður. Hæsnafóður skal geyma í meindýraheldum ílátum. Til að fyrirbyggja að meindýr komist í fóður skulu ílát vera í a.m.k. 35 sm hæð frá jörðu og vera u.þ.b. 60 sm djúp.

Fóður

Vegna hættu á dýrasjúkdómum er alfarið bannað að fóðra alifugla með kjötleifum alifugla, þó svo að afgangarnir hafa verið eldaðir. Ekki er ráðlagt að gefa hænum kjöt frá öðrum dýrum, það er ekki heilnæmt fyrir þær. En sé það gert skal þá kjötið ávallt vera hitameðhöndlað. Gæta skal fyllsta hreinlætis við söfnum afganga úr eldhúsi fyrir alifugla til að tryggja að þeir komist aldrei í snertingu við hrátt kjöt og hrá egg nema eggin séu úr sama hæsnahópi.

Neysla eggja

Neysla eggja úr hæsnahaldinu er óheimil.

Um gengni leikskólabarna

Um gengni skal takmarkast við að skoða fuglana inn um glugga í hæsnahúsinu og í útigerði.

Veikindi fugla

Heilbrigðiseftirlit og/eða Matvælastofnun geta krafist reglulegrar eða tilfallandi sýnatöku úr fuglum til að útiloka smitsjúkdóma. Við veikindi fugla skal tafarlaust hafa samband við dýralækni.

Eftirlit og afturköllun leyfis

Heilbrigðiseftirlit hefur eftirlit með framkvæmd skilyrða. Ef skilyrðum er ekki fylgt eða hæsnahald veldur ónæði eða hættu, gæti þurft að endurskoða leyfisveitinguna.

Skýringar með fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja 2026

Rekstur ársins 2024 gekk ágætlega, þrátt fyrir mikið annríki í tengslum náttúruhamfarir. Komu þar ýmist til bollaleggingar um viðbragð í aðdraganda atburða og vöktun og viðbragð þegar atburðir gengu yfir. Þá verður að geta þess að náttúruhamfarirnar drógu nokkuð úr tekjuöflun enda lá margvísleg starfsemi niðri í Grindavík og því ekki hægt að stunda hefðbundið eftirlit og gjaldtaka fyrir þá vinnu.

Skuld HES við SSS

Gert er ráð fyrir að skuld HES við SSS verði að fullu greidd við áramót 2025/2026.

Tekjur

Á árinu 2024 veitti embættið umsagnir um 35 tillögur að skipulagsáætlunum og tímabilinu janúar til september á þessu ári eru umsagnirnar orðnar 38. Um 300 vinnustundir fóru í þessar umsagnir á árinu 2024 og fyrir séð að þær verði 3-400 á árinu 2025. Augljóslega dregur þessi vinna úr getu embættisins við reglubundið eftirlit og tekjum sem því fylgja. Vegna þessa áformar embættið að halda sérstakar tímaskýrslur fyrir hverja umsögn og innheimta raunkostnað vegna þeirra af viðkomandi sveitarfélagi. Er þetta í samræmi við samtöl um fjármál embættisins við þáverandi formann stjórnar SSS á árinu 2023, um að embættið myndi eftir fremsta megni taka gjald fyrir unnin verk.

Gjaldskrár HES

Tímagjald embættisins er nú 24.936 kr og hækkaði um 10% þegar endurskoðuð gjaldskrá var birt í ágúst 2024. Tímagjöld annarra heilbrigðiseftirlitssvæða eru nú á bilinu 17.500-22.000. Sömuleiðis var gjaldskrá fyrir hundahald hækkuð um 10% í mars 2024. Heilbrigðisnefnd og aðildarsveitarfélög þurfa að taka afstöðu til þess hvort hækka beri gjaldskrána enn á ný og þá um allt að 6-9%. Ef gefin verður út ný gjaldskrá árið 2026 má gera ráð fyrir að tímagjald verði óbreytt, en sýnagjald geti hækkað gefi gjaldskrá rannsóknastofu tilefni til. Þá gæti endurmat á eftirlitsþörf leitt til þess að gjald á tiltekna fyrirtækjaflokk taki breytingum.

Framtíð Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja

Starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja á árinu 2026 verður að öllum líkindum með mjög óhefðbundnu sniði í kjölfar boðaðra áforma um breytingar ríkisins á heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga, en reynt verður að tryggja sem mest órofna starfsemi í samræmi við lögboðin verkefni embættisins.

Í september 2025 tilkynntu ráðherrar umhverfis-, orku- og loftslagsmála og atvinnumála áform ríkisins um umfangsmikla breytingar á fyrirkomulagi eftirlits með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum. Í þeim breytingum er gert ráð fyrir því að megin starfsemi heilbrigðiseftirlits, starfsleyfisútgáfa og eftirlit, færir frá sveitarfélögum til ríkisins, Umhverfis- og orkustofnunar og Matvælastofnunar, en ýmis kostnaðarsöm verkefni verði skilin eftir hjá sveitarfélögum. Áformin hafa verið kynnt í samráðsgátt, von er á lagafrumvarpi í nóvember og eiga breytingarnar að taka gildi í janúar 2027, eða eftir um 15 mánuði. Þetta mun hafa í för með sér að starfsfólk heilbrigðiseftirlits getur ekki gengið að vísum störfum hjá HES eftir þann tíma og ríkið hefur ekki gefið nein loforð um flutning á starfsfólki milli stjórnsýslustiga. Gera má ráð fyrir að hluti starfsfólks heilbrigðiseftirlitsins muni fara að huga að nýjum atvinnutækifærum og því gæti starfsfólki HES fækkað á næstu mánuðum og erfitt gæti reynst að fá nýja heilbrigðisfulltrúa til starfa í stutt, tímabundin störf. Rétt er því að gera ráð fyrir að rof geti orðið á starfsemi heilbrigðiseftirlitsins vegna fækkunar starfsfólks og tekjumissis vegna færri eftirlitsferða tengdra reglubundnu eftirliti. Þar reynir á stjórnendur og starfsfólk HES að huga að forgangsroðun verkefna og hagræðingu eins og kostur er.

Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri.

Bók. lykill	HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURNESJA Hækkun allt að 5%	Árs reikn. 2024	Fjárh. áætlun 2024	Fjárh. áætlun 2025	Staða 30/06 2025	Áætluð útkoma 2025	Tillaga stofn 2026	Tillaga fjárhagsn. 2026
1000	TEKJUR:							
1030	Framlag frá sveitarf.	-25,984	-25,984	-42,614	-21,307	-42,614		
1040	Fjármögnunarsjóður umhverfisverkefna							
1050	Endurgr. virðisaukask.							
1160	Eftirlit á Keflavíkurluguvelli							
1165	Stjórnsýsluverkefni	-51,418	-59,418	-53,989	-26,995	-53,989	-56,688	
1166	Umhverfismál	-3,169	0	-3,150	-2,269	-3,000	-3,308	
1170	Dýraeftirlit	-11,044	-13,000	-13,000	-10,275	-12,577	-13,650	
1171	Meindýraeyðing	-9,424	-9,424	-9,895	-4,948	-9,424	-10,390	
1174	Framlag v.starfsm. í eftirlit f. Sveitarf.							
1175	Heilb.eftirlitsgjöld fyrirtækja og stofnana	-106,976	-101,800	-99,205	-5,000	-100,900	-104,165	
1190	Aðrar tekjur án VSK			-5,250	-322	-4,000	-5,513	
1298	Uppgjörsreikningur sérverkefna							
6110	Vaxtatekjur				-336	-700		
1999	Samtals tekjur:	-208,015	-209,626	-227,103	-71,452	-227,204	-193,714	0
2000	GJÖLD:							
2010	Laun & starfsmannakostn.:							
2020	Laun	82,487	86,660	90,993	37,840	88,924	93,723	
2090	Önnur laun / Stjórn HES	2,279	0	3,062	1,358	3,395	3,062	
2100	Tryggingargjald	7,110	7,327	7,693	3,196	7,511	8,078	
2110	Mótframlag lífeyrissjóðs	11,074	20,175	14,654	5,238	12,309	15,386	
2115	Aukaframlög í lífeyrissjóði	7,862	0	6,530	4,362	10,251	6,856	
2120	Sjúkra- & orlofssjóðir	433	589	618	1,355	3,184	649	
2460	Bífreiðastyrkir	16,129	16,852	17,135	5,898	16,319	16,852	
2125	Fjölskyldu- & styrktarsjóður	613	2,268	651		0	684	
2130	Menntunar- & fræðslusjóðir	1,908	0	1,730		0	1,817	
2150	Dagpeningar	0	0	0	0		0	
2170	Kaffikostnaður starfsmanna	368		247	147	294	259	
2175	Námskeið	137	59	62	0	100	65	
3330	Starfsmannafélag				70	70	100	
3345	Árshátíð og fl. vegna starfsmanna				174	200	200	
2185	Lífeyrisskuldbinding	5,913	5,000	5,000	0	5,000	5,000	
2190	Annar starfsmannakostnaður	254	465	200	0	200	200	
2199	Laun & starfsm.k. samtals:	136,567	139,395	148,576	59,638	147,757	152,932	0
2200	Skrifstofukostnaður:							
2205	Pappír & ritföng	54	54	61	153	153	64	
2210	Prentun, ljósritun & ljósritunarefni	153	321	263		263	200	
2215	Bækur, blöð & tímarit	331	214	244		244	250	
4240	Gjaldfærð áhöld og tæki				10	10	100	
2220	Sími	777	696	797	415	766	829	
2225	Burðargjöld	139	428	400	67	200	300	
2235	Viðhald skrifstofuáhalda	33	0	0	326	0	100	
4480	Reksturtölvukerfis með vsk				97		100	
4481	Reksturtölvukerfis án vsk				637		700	
2249	Skrifstofukostnaður samtals:	1,487	1,713	1,766	1,705	1,636	2,642	0
2250	Efni & rekstrarvörur:							
2255	Smááhöld	16	171	196	0	188	203	
2260	Efni til að eyða meindýrum	0	107	123	162	162	200	
2265	Fóður	0	0	0	0	0	0	
2275	Hreinlætisvörur & sóthreinsun	63	107	123	0	118	128	
2277	Hlífðarfatnaður	236	117	134	0	300	300	
2295	Ýmsar rekstrarvörur	187	0	0	0	0	0	
2299	Efni & rekstrarvörur samtals:	502	502	575	162	768	831	0
2300	Rekstur fasteigna:							
2310	Húsaleiga	2,938	4,237	4,406	1,508	3,016	3,056	
2320	Rafmagn	148	463	153	81	147	400	
2330	Hiti	347	0	329	194	316	342	

4130	Öryggisgæsla				1,059	1,059	200
2340	Fasteignagjöld	314	325	338	313	306	352
2350	Lóðarleiga	138	129	150		138	150
2360	Viðhald fasteigna	1,537	463	422	94	1,447	439
2399	Rekstur fasteigna samtals:	5,422	5,617	5,798	3,249	6,429	4,938
2400	Akstur & bifreiðarekstur:						
2410	Bensín & olíur bifreiða	0	0	0	0	0	0
2420	Viðhald & rekstur bifreiða	0	0	0	0	0	0
2425	Rekstrarleiga bifreiða	0	0	0	0	0	0
2430	Vátryggingar bifreiða	0	0	0	0	0	0
2440	Bifreiðaskattar & gjöld	0	0	0	0	0	0
2460	Bifreiðastyrkir	0	0	0	0	0	0
2470	Aðkeyptur akstur v/fólksflutninga	0	0	0	0	0	0
2480	Aðkeyptur akstur sendib. & vörub.	2	0	0	0	0	0
2499	Akstur & bifr.rekstur samtals:	2	0	0	0	0	0
	Stjórnunarkostnaður:						
2510	Ferða og dvalarkostnaður	449	24	25	0	108	200
2520	Fundur & ráðstefnur	107	271	159	123	246	300
2530	Viðskipta- & risnukostnaður	10	107	123		118	128
2540	Gjafir & framlög	10	0	0	0	150	100
2550	Styrkir	0	0	0	0	0	0
2570	Auglýsingar & kynningar	67	400	208	134	200	216
					10		
2599	Stjórnunarkostnaður samtals:	643	802	515	267	822	944
2600	Aðkeypt þjónusta:						
2605	Dýralæknþjónusta	6	0	0	0	0	0
2610	Endurskoðun og reikningsskil	522	510	530	1,048	522	552
2615	Forritunar- & tölvuþjónusta	1,572	1,695	1,763	0	0	1,833
2620	Lögfræðiþjónusta	76	2,000	2,080	143	1,000	2,163
2625	Innheimtuþjónusta	431	471	490	17	471	509
2630	Rannsóknarþjónusta	5,835	5,511	4,716	1,508	5,511	5,996
2635	Skjalavörsluþjónusta	0	0	0	0		0
2642	Ræstingarþjónusta	863	1,024	942	612	906	980
2645	Önnur aðkeypt þjónusta	2,843	4,020	2,101	1,138	2,020	2,185
4540	Önnur aðkeypt þjónusta með vsk.				1,439		2,000
2649	Aðkeypt þjónusta samtals:	12,148	15,231	12,622	5,905	10,430	16,219
2650	Þátttaka í kostnaði deilda:						
2660	Þátttaka í húsnæðiskostnaði	0	0		0	0	0
2665	Þátttaka í skrifstofukostnaði	6,073	6,073	6,316	3,036	6,073	6,569
2669	Þáttt. í kostn. deilda samtals:	6,073	6,073	6,316	3,036	6,073	6,569
2700	Annar kostnaður:						
2705	Sérstakar vátryggingar	2,162	2,490	2,590	0	2,162	2,693
2706	Aðkeypt vinna v/lóðahreinsun	0	0	1,000	0	1,000	1,000
2712	Afskrifaðar tapaðar kröfur	0	4,000	1,000	0	2,000	1,000
2715	Niðurfærsla á viðskiptakröfum	2,792	0	1,000	0	2,000	1,000
2749	Annar kostnaður samtals:	4,954	6,490	5,590	0	7,162	5,693
2750	Fjárfestingakostnaður:						
2765	Keyptar bifreiðar	0	0	0	0		0
2775	Keypt áhöld & tæki	512	188	732	10	704	761
2781	Innréttingar	0	0	0	0		0
3265	Vaxtagjöld af viðskiptaskuldum	10	0	2,000	170	2,500	0
2795	Fjárfestingakostn. samtals:	522	188	2,732	180	3,204	761
	SAMTALS GJÖLD:	168,320	176,011	184,489	74,142	184,281	191,529
	Til greiðslu halla fyrri ára:	0	0	42,614		25,984	
	SAMTALS GJÖLD:	168,320	176,011	227,103	74,142	210,265	191,529
	Hagnaður (tap)	37,469	37,469	37,469		16,939	2,185